

Hafðu ávallt í huga:

Sæmdarréttur

Er bæði svokallaður nafnbirtingarréttur höfundar í tengslum við hugverk sitt og sá réttur að verk höfundar sé ekki afbakað eða afskræmt með neinum hætti. Ávallt skal virða sæmdarrétt höfundar og nafngreina hann þar sem við kemur. Því getur verið nauðsynlegt að leita upplýsinga um höfund hjá Myndstefi, umboðsaðilum eða útgefendum til að hafa upp á höfundi. Ef höfundur er óþekktur skal samt hafa samband við höfundaréttarsamtök því höfundur getur gefið sig fram síðar.

Sameiginlegur og/eða skiptur höfundaréttur?

Ganga þarf úr skugga um að hugverkið sé ekki háð sameiginlegum eða skiptum höfundarétti. Í sumum tilvikum getur frumverk verið háð sameiginlegum höfundarétti en þá fara tveir eða fleiri höfundar saman með höfundaréttinn því ekki er hægt að aðgreina framlag annars frá hinum. Í öðrum tilvikum getur frumverk verið háð skiptum höfundarétti, til dæmis þegar ákveðinn hluti byggingar er hönnun eins höfundar á meðan annar hluti byggingarinnar er hönnun annars. Athuga skal að þegar höfundaréttur er sameiginlegur eða skiptur ber að hafa upp á öllum þeim höfundum sem eiga réttindin í frumverkinu sem er notað.

Fjárhagslegur réttur

Höfundaréttur felur í sér einkarétt höfundarréttihafa til hvers konar fjárhagslegrar notkunar á verki sínu. Sá sem ætlar sér að nota hugverk þarf því að setja sig í samband við hlutaðeigandi höfundarréttihafa og/eða höfundaréttarsamtök og semja um slíka notkun. Hverjum höfundi er í sjálfsvald sett hvernig fer með nýtingarétt á hugverki sínu og getur verið að nýtingarrétturinn sé frjáls eða almennur eða háður greiðslu þóknunar og þarf því að semja um hvert tilvik fyrir sig. Hér þarf sérstaklega að hafa í huga að samningar séu gerðir skriflega eða í tölvupósti og hvert mögulegt notkunartilvik sé tekið inn í samningsgerðina. Því þarf að tilgreina sérstaklega hvað á að nota verkið í (útgáfu, kynningu, listasýningu osfrv.), hvaða nýtingarrétt er verið að ráðstafa (er miðlun á internetinu innifalin, birting á póstkortum, birting á bókakápu osfrv.), dreifingu og uplag (fjöldi eintaka og dreifingarleiðir skipta máli), tími notkunarinnar, mögulegt framsal og annað sem getur skipt máli.

Höfundar skulu ávallt merkja verk sín

Höfundar skulu ávallt merkja verk sín greinilega til að auðvelda notendum og öðrum að fylgja reglum höfundaréttar. Þá skal sérstaklega passa að nafngreina alla höfunda. Ef nýja verkið er ljósmynd af öðru hugverki er vaninn að nafngreina til dæmis á eftirfarandi hátt:

© nafn ljósmyndara/nafn byggingar: nafn hönnuðs